

Nd.

501. Nefndarátt

um frv. til laga um nöfn.

Frá mentamálanefnd.

Aðaltilgangur þessa frv. er að koma í veg fyrir það ættarnafnafargan, sem nú upp á síðkastið hefir færst mjög í vöxt, gagnstætt gömlum og góðum sið um mannanöfn og íslenskri tungu til engrar prýði. Nefndin telur rjett

að taka upp sið fedra vorra um mannanöfn meðan íslensk tunga var ósnortin af erlendum ábrifum og andhællisskap. Sumt er þó í frv., sem nefndin fellir sig ekki við, og vill því fella niður, auk þess sem hún vill draga efni þess saman í styttra mál, án þess að raska meginákvæðum þess.

Heimild manna til viðurnefna að fornum sið vill nefndin sleppa; getur sú heimild orðið til miður smekklegra viðurnefna, eða jafnvel ónefna. Auk þess eru nafnfestisákvæðin óákveðin og eftirlit með þeim næsta örðugt, þótt ákveðnari væru.

Sömu leiðis hefir nefndin orðið ásátt um þá efnisbreytingu á frv. að sleppa 9. og 10. gr. Þykir henni, að því er kemur til 9. gr., ekki þörf á frekari lagaákvæðum um bæjanöfn en nú eru í lögum nr. 31, 20. nóv. 1913, um bæjanöfn.

Ákvæði 10. gr. telur nefndin fara fulllangt í lotningu fyrir hinum heiðnu goðum og enga goðgá að kenna við þau götur í íslenskum bæjum, heldur fremur til virðingar við þau og til engra skemda íslenskri tungu.

Nánara í framsögu um breytingarnar.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja frv. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Hver maður skal heita einu íslensku nafni og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, mega halda þeim alla æfi. Sama er og um þá erlenda menn, sem til landsins flytjast.

3. Við 4. gr. Greinin falli niður.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

6. Við 9. og 10. gr. Greinarnar falli burtu.
7. Við 11. gr.
Fyrir »200 til 2000« komi: 100 til 500.
8. Við sömu grein. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi.
Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögglumál.
9. Við fyrirsögn frumvarpsins.
Fyrir »nöfn« komi: mannanöfn.

Alþingi, 1. maí 1923.

Þorsteinn Jónsson,
form.

Sigurður Stefánsson,
frsm.

Gunnar Sigurðsson,
ritari.

Einar Þorgilsson. Magnús Pjetursson.